

# Besta leiðin

Ársskýrsla

Strætó 2016

©STRÆTÓ bs.
Þönglabakka 4
109 Reykjavík
Sími: 540-2700
www.straeto.is

**Umsjón:** María Hrund Marinósdóttir og Guðmundur Heiðar Helgason
**Ritstjórn:** Guðmundur Heiðar Helgason
**Ljósmyndir**: Ari Magg, Aníta Eldjárn og Sigurjón Ragnar Sigurjónsson
Mynd á forsíðu og annað markaðsefni er unnið af ENNEMM auglýsingastofu.
**Grafísk vinnsla:** ENNEMM
**Umbrot:** Guðmundur Heiðar Helgason og ENNEMM.

# Efnisyfirlit

Strætó á að vera valkostur fyrir alla............................5-6

Grunnur lagður að rafrænni framtíð............................8-9

Stjórn Strætó 2016......................................................11

Skipurit Strætó..........................................................12

Besta leiðin: Ný markaðssýn......................................14

Mikill vöxtur í Strætó appinu....................................16-17

Jákvæð þróun á öllum sviðum...................................19-20

Leiðakerfi Strætó í stuttu máli....................................22

Umhverfis- og öryggismál.........................................24

Grænt Bókhald...........................................................26-29

Slys og tjón...............................................................30

Ársreikningur Strætó 2016.........................................31-43



**Heiða Björg Hilmisdóttir**
*Stjórnarformaður Strætó.*

# Strætó á að vera valkostur fyrir alla

Við finnum fyrir góðum meðbyr og breyttu viðhorfi til almenningssamgangna og mikilvægi þeirra í borgarumhverfinu. Sífellt fleiri kjósa sér bíllausan lífstíl og kostir almenningssamgangna eru að fá aukið vægi í almennri umræðu. Þar má nefna, minni bílaumferð og þar með minni fjárþörf fyrir samgöngu-mannvirki og bílastæði en líka aukið öryggi og betri loftgæði fyrir íbúa.

Verkefnin hjá stjórn Strætó hafa verið fjölbreytt á árinu 2016. Ásamt hefðbundinni stefnumótun hafa stjórnarmeðlimir fylgt eftir rekstrarúttekt hjá fyrirtækinu og farið kerfisbundið í gegnum alla starfsemi Strætó. Tilgangur þessara aðgerða er að fá betri yfirsýn yfir starfsemi fyrirtækisins og gera rekstur Strætó hagkvæmari en um leið umhverfisvænni og þægilegri valkost fyrir alla íbúa höfuðborgarsvæðisins. Sem formaður stjórnar legg ég áherslu á að Strætó verði raunhæfur samgöngukostur fyrir alla, umhverfisvæn, fljótleg og örugg leið til að komast á milli staða.

## Strætó til framtíðar

Sveitarfélögin sem standa að Strætó hafa í samvinnu við ríkið unnið að þróun Borgarlínu, sem er kerfi hraðvagna eða léttlesta sem ferðast um á sér akreinum. Borgarlína mun tengja saman helstu byggðarkjarna höfuðborgarsvæðisins og bjóða hraðari samgöngur á milli þeirra en áður. Framtíðarsýn Strætó byggist á því að viðskiptavinir okkar kjósi að komast leiðar sinnar með Strætó vegna þess að það sé hagkvæmari, umhverfisvænni og jafnvel fljótlegri kostur en að nota einkabíl. Hugmynd um Borgarlínuna er í takt við þessa framtíðarsýn. Stjórn Strætó hefur því eindregið stutt við bakið á þróun Borgarlínu og verður leiðakerfi Strætó endurskoðað um leið og fyrstu drög liggja fyrir á vormánuðum 2017.

Stjórn Strætó hefur síðastliðið ár fjallað mikið um leiðarkerfi og leiðarkerfisbreytingar og sett saman eigin stefnu í þeim efnum. Stefnan var send til umsagnar sveitarfélaganna og verður aðgengileg á heimasíðu Strætó. Okkur finnst mikilvægt að breytingar leiðakerfisins séu gerðar í samræmi við stefnu stjórnar Strætó og að sveitarfélögin séu upplýst um þá þróun leiðarkerfa sem fjallað er um. Við höfum einnig óskað eftir að ferillinn við ákvörðun breytinga

> **„Við viljum vinna að því í samvinnu við sveitarfélögin að minnka bilið á milli ferðaþjónustu og almenningssamgangna."**

á leiðarkerfi verði skráður svo hlutverk stjórnar Strætó, starfsmanna Strætó, samgöngunefnda og sveitarfélaga sé skýr.

Farþegum Strætó fjölgaði árið 2016 og ferðast nú um 45 þúsund manns með Strætó daglega og farnar eru um 11 milljón ferðir á ári. Markmiðið er að árið 2040 verði a.m.k 12% allra ferða á höfuðborgarsvæðinu farnar með almenningssamgöngum og gætu ferðir þá orðið um 40 milljónir á ári hverju. Fyrirhuguð Borgarlína styður þannig einnig við markmið Strætó um fjölgun farþega til framtíðar, en mikilvægt er að við séum alltaf að leita leiða til að gera þjónustuna að ákjósanlegum kosti fyrir sem flesta.

## Þjónusta fyrir alla

Íbúar höfuðborgarsvæðisins eru eigendur Strætó og markmið fyrirtækisins er að þeir upplifi sig velkomna og örugga í vögnunum. Þjónustustefna fyrir Strætó hefur verið í vinnslu stjórnar með víðtækri þátttöku starfsmanna og farþega, en samráð við farþega er mikilvægur þáttur sem við viljum efla í starfseminni.

Í byrjun árs var framkvæmd þjónustukönnun meðal notenda ferðaþjónustu fatlaðra. Niðurstöður hennar verða nýttar við þróun þeirrar þjónustu í samvinnu

við sveitarfélögin sem hafa falið Strætó framkvæmd þjónustunnar. Við viljum vinna að því í samvinnu við sveitarfélögin að minnka bilið á milli ferðaþjónustu og almenningssamgangna. Það er hægt að gera með mörgum leiðum eins og auknum upplýsingum, aðgengilegum stoppistöðvum, upplýsingaskiltum í vögnunum og fleiru.

Við viljum sjá að sveitarfélögin geri sér áætlun um hvernig og hvenær biðstöðvar verða gerðar aðgengilegar fötluðum og að við merkjum þær jafnóðum sem aðgengilegar á leiðarkerfiskorti. Reykjavíkurborg býður árskort fyrir ungmenni í ferðaþjónustu fatlaðra sem gilda einnig í almenningsvagna Strætó. Ef reynslan af slíku fyrirkomulagi verður góð standa vonir til að þetta verði innleitt fyrir fleiri hópa.

**Strætó sem umhverfisvænn og ábyrgur valkostur.**

Strætó á að vera umhverfisvænn kostur og erum við stöðugt að leita leiða til að tryggja að svo sé. Við höfum á síðastliðnu ári lagt áherslu á að minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda. Óskað hefur verið eftir að unnin verði áætlun á því hvernig Strætó getur verið laust við losun allra gróðurhúsalofttegunda árið 2040. Slík áætlun væri í samræmi við loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar. Við þurfum að skoða hve langan tíma við þurfum til að skipta yfir í umhverfisvæna orkugjafa og fá mat á því hvaða orkugjafar eru ákjósanlegir. Við höfum á liðnu ári keypt fjóra rafmagnsvagna og erum búin að ganga til samninga um fimm í viðbót. Ásamt rafmagnsvögnum erum við einnig að skoða kosti metans- og vetnisvagna. Grænt bókhald Strætó er einnig sterkt merki um að þetta er málaflokkur sem við tökum alvarlega og viljum fylgja eftir.

**Ábyrg ferðþjónusta**

Við viljum ekki aðeins vera umhverfisvænt fyrirtæki, heldur einnig ábyrgt fyrirtæki. Á dögunum undirritaði Strætó yfirlýsingu um ábyrga ferðaþjónustu sem er hvatningarverkefni á vegum Festu og fleiri aðila. Undirritun yfirlýsingarinnar felur í sér skuldbindingu Strætó til þess að setja sér markmið um eftirfarandi þætti:

- Ganga vel um og virða náttúruna.
- Tryggja öryggi gesta okkar og koma fram við þá af háttvísi.
- Virða réttindi starfsfólks.
- Hafa jákvæð áhrif á nærsamfélagið

Þetta eru áherslur sem stjórn Strætó mun leggja áherslu á í framtíðarstefnumótun ásamt því að setja okkur skýr og mælanleg markmið til þess að gera enn betur.



**Yfirlýsing um ábyrga ferðaþjónustu.** Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands og verndari verkefnis Festu um ábyrga ferðaþjónustu og Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó.



**Jóhannes S. Rúnarsson**
*framkvæmdastjóri Strætó.*

# Grunnur lagður að rafrænni framtíð

Árið 2016 einkenndist af mikilli endurskipulagningu og hagræðingum, segir Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó. Í heildina hafi árið verið mjög jákvætt fyrir Strætó og mörg mikilvæg skref tekin í starfsemi fyrirtækisins bæði innan frá og utan. Helst ber að nefna átak í sölu- og markaðsmálum, hagkvæmari nýtingu mannauðs, áframhaldandi þróun á rafrænni þjónustu og sterkur grunnur var lagður að úrvinnslu og nýtingu upplýsinga.

**Áhersla á hagræðingu og bætta ímynd.**
Í byrjun árs lagði Strætó í umfangsmikla endurskipurlagningu og var nýtt skipurit innleitt 1.maí. Sem dæmi um þessar breytingar, þá færðust sölumálin frá þjónustuveri yfir á fjármálasvið. Í framhaldinu var Skúli Örn Sigurðarsson ráðinn sem sölustjóri Strætó og í seinni hluta árs var María Hrund Marinósdóttir, ráðin til starfa sem markaðsstjóri. „Þessar breytingar voru liður í því markmiði að auka sölu, bæta ímynd og nýta fjármagnið betur. Úr varð stórt átak í öllu því sem snýr að sölu og ímynd Strætó“ segir Jóhannes.

Hann segir einnig að afkoma síðasta árs hafa verið góð. „Rekstrarafkoma ársins 2016 var betri en búist var við. Við gerðum ráð fyrir að afkoman yrði tæplega 60 milljónir en við enduðum í kringum 180 milljónirnar“ sagði Jóhannes og benti á að þessi árangur sé samspil margra mismunandi þátta. „Þetta er uppskera þeirra aðgerða sem við fórum í. Við skárum niður um rúmar 250 milljónir og þurftum að velta við hverjum steini og finna leiðir til að nýta fjármagnið betur. Styrking gengis hefur einnig hjálpað, til að mynda þegar kemur að erlendum varahlutakostnað. Við höfum verið einbeitt, skipuritið hefur virkað vel og okkur hefur tekist að nýta mannauðinn okkar á skilvirkari hátt en áður“.

**„Með því að skipta út fjórum eldri vögnum fyrir fjóra rafmagnsvagna, þá minnkum við losun gróðurhúsalofttegunda um 500 tonn á ári.“**

**Aukin rafræn væðing og bætt nýting**
„Við náðum stórum „rafrænum sigrum“ árið 2016“. Jóhannes segir að miklum tíma hafi verið varið í rafvæðingu fyrirtækisins og að þróun Strætó appsins hafi verið mikilvægur liður í því. „Mánaðarkort Strætó var innleitt í appið í vor og síðan fylgdu Nemakortin og Samgöngukortin eftir í haust. Þessar breytingar veita farþegum okkar fjölbreyttari möguleika til þess að nota vagnana og okkur finnst við vera að ná til stærri markhópa.“ Ný heimasíða Strætó fór einnig í loftið í lok árs og segir Jóhannes að markmiðið sé að gera þessi tvö notendaviðmót að helstu snertiflötum við viðskiptavini Strætó.

Þegar kemur að upplýsingatækni þá bindur Jóhannes miklar vonir við nýtt talningakerfi sem

fyrirtækið fjárfesti í á síðasta ári. „Við gátum því miður ekki tekið kerfið í notkun eins fljótt og við vildum, en undirbúningur er fullum í gangi. Kerfið mun skila okkur upplýsingum sem eru mun betri heldur en þær upplýsingar sem við höfum stuðst við í gegnum árin.“ Á svipuðum tíma voru einnig innleidd rekstrarlíkanakerfið Remix og upplýsingakerfið Rýnir. „Remix hjálpar til við að reikna út hvað kostar að breyta leiðum hjá Strætó. Með tilkomu þessara kerfa og þeirra upplýsinga sem þau munu veita okkur, þá sjáum við fyrir okkur enn betri nýtingu þeirra auðlinda sem Strætó hefur yfir að ráða. Það mun leiða til hagkvæmari og betri þjónustu fyrir viðskiptavini okkar.“

**Parísarsáttmálinn og nýir rafmagnsvagnar**

Jóhannes segir að umhverfismál séu mikilvægur þáttur í starfsemi Strætó og að mikilvæg græn skref hafi verið tekin árið 2016. Fyrirtækið undirritaði meðal annars viljayfirlýsingu vegna Parísarsáttmálans og umhverfisvottun fyrirtækisins var fylgt eftir. „Við erum stanslaust að vinna í umhverfismálum. Við erum með umhverfisvottun sem við höfum fylgt eftir með ágætis árangri og höldum grænt bókhald til að fylgjast með því.“

Fyrirtækið festi einnig kaup á fjórum rafmagnsvögnum sem verða teknir í notkun sumarið 2017 og segir Jóhannes að þeir muni draga umtalsvert úr losun gróðurhúsalofttegunda. „Með því að skipta út fjórum eldri vögnum fyrir fjóra rafmagnsvagna, þá minnkum við losun gróðurhúsalofttegunda um 500 tonn á ári. Þetta sýnir vel skuldbindingu okkar til umhverfismála sem við erum ákaflega stolt af.“

**Höldum áfram á nýju ári.**

„Árið 2017 snýst um að halda áfram þeirri vinnu sem við lögðum grunninn að á síðasta ári og huga að framtíðarsýn okkar, að gera Strætó að álitlegum kosti fyrir landsmenn alla. Við ætlum að halda áfram að skerpa áherslurnar í rekstri, og við munum nýta mannauð okkar eins vel og hægt er. Við munum skoða aukningu rafrænna greiðslumáta og nýta betur þær upplýsingar sem við búum yfir. Þannig leggjum við grunninn að betri þjónustu fyrir farþega okkar til framtíðar. “

# Árið 2016 í tölum

## Eknir km á árinu:

**9.000.000**
í Reykjavík

**3.700.000**
á landsbyggðinni

## Fjöldi farþega:

**11.200.000**
miðað við

**4,5% aukningu**
frá árinu 2015

Um það bil
**45.000**
manns ferðast með Strætó á hverjum degi



## Ferðaþjónusta fatlaðra:



**80 bílar** aka daglega á vegum Strætó í Akstursþjónustu fyrir aldraða-og fatlaða

Meðalfjöldi farþega er um **2000 á dag**





Það eru
**900**
stoppistöðvar á höfuðborgar-svæðinu

## Akstursihlutfall

| 57% Strætó BS | 43% útboð |
|---|---|

Allur akstur á landsbyggðinni er boðinn út af landshlutasamtökunum.



**122** vagnar eru á ferð á háannatíma

## Hver á Strætó?

Garðabær: 6,24%
Hafnarfjörður: 12,50%
Kópavogur: 14,60%
Mosfellsbær: 4,07%
Reykjavík: 60,30%
Seltjarnarnes: 2,29%






Heildarnotkun diesel olíu (lítrar):
**2.391.062**

# Stjórn Strætó 2016




**Stjórn Strætó.** Frá vinstri: Sverrir Óskarsson, Heiða Björg Hilmisdóttir, Bjarni Torfi Álfþórsson (varamaður), Bryndís Haraldsdóttir og Gunnar Valur Gíslason. Á myndina vantar Sigrúnu Eddu Jónsdóttur og Guðlaugu Kristjánsdóttur.

## Stjórn Strætó 2016

- **Heiða Björg Hilmisdóttir**, formaður stjórnar, Reykjavík
- **Gunnar Valur Gíslason**, varaformaður stjórnar, Garðabær.
- **Bryndís Haraldsdóttir**, Mosfellsbær.
- **Sverrir Óskarsson**, Kópavogur.
- **Guðlaug Kristjánsdóttir**, Hafnarfjörður.
- **Sigrún Edda Jónsdóttir**, Seltjarnarnes.

Strætó er í eigu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu - Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.

Stjórn Strætó er skipuð einum fulltrúa og einum til vara frá hverju aðildarsveitarfélagi. Fulltrúinn skal vera aðalmaður í sveitastjórn eða framkvæmdastjóri viðkomandi sveitarfélags. Sömu skilyrði gilda um varamenn sem hver sveitastjórn tilnefnir.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og skal formennska skiptast milli aðildarsveitarfélaganna. Kjörtímabil stjórnar er 2 ár.

**Hlutverk Strætó**
Meginhlutverk Strætó er að veita almenna þjónustu á sviði almenningssamgangna, innan þess fjárhagsramma sem fyrirtækinu er sett og nýta það fjármagn sem best til að koma til móts við óskir og væntingar viðskiptavina.

Undir þetta hlutverk fellur rekstur almenningsvagna og ferðaþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra.

**Stefna og framtíðarsýn**
Stefna Strætó er að auka þjónustu og gæði til viðskiptavina sinna, efla almenningssamgöngur og auka hagkvæmni þeirra.

Framtíðarsýn Strætó byggist á því að viðskiptavinir okkar kjósi að komast leiðar sinnar með Strætó vegna þess að það sé hagkvæmari, umhverfisvænni og jafnvel fljótlegri kostur en að nota einkabíl.

# Skipurit Strætó




## Breytingar á skipuriti

Nýtt skipurit Strætó tók gildi maí 2016. Ein megin áherslan við mótun nýs skipurits var að sameina starfsmannahópa sem sinna svipuðum og/eða sambærilegum verkefnum undir sama sviðið. Það var gert til að einfalda skipulag og verklag sem og auka það hagræði sem felst í styttri boðleiðum og aukinni samvinnu. Þá sameinaðist akstursþjónusta fatlaðs fólks og farþegaþjónustusvið undir einn hatt, farþegaþjónustu. Talstöðvaþjónusta fluttist á Hestháls og sameinaðist talstöðvaþjónustu rekstrarsviðs fyrir utan talstöðvaþjónustu við akstursþjónustu fatlaðra.



**María Hrund Marinósdóttir**
*markaðsstjóri Strætó.*

# Besta leiðin: Ný markaðssýn

Seinni hluta árs 2016 var tekin sú ákvörðun að endurskilgreina sýn Strætó í ímyndar- og markaðsmálum og hafa áhrif á það hvernig fyrirtækið er staðsett í huga fólks. Meginmarkmið þessarar vinnu var að breyta hugarfari almennings gagnvart Strætó og öðrum umhverfisvænum samgönguleiðum. Rödd Strætó á ekki einvörðungu að endurspegla kosti þess að nýta sér þjónustu gula vagnsins heldur einnig kosti þess að nota hjól, göngu og samnýtingu bíla sem ferðamáta.

Grunnurinn að markaðsýninni er byggður á framtíðarsýn Strætó: „*Framtíðarsýn okkar byggist á því að viðskiptavinir okkar kjósi að komast leiðar sinnar með Strætó vegna þess að það sé hagkvæmari, umhverfisvænni og jafnvel fljótlegri kostur en að nota einkabíl.*“

Niðurstaðan úr stefnumótunarvinnunni var að vinna markaðsefni og skilaboð út frá möntrunni Besta leiðin. Mantran gengur út á þá staðfestu að Strætó bjóði bestu leiðina til að komast á áfangastað með það að markmiði að fólk sé stolt af því að velja Strætó sem ferðamáta. Öll starfsemi inn og út á við er mótuð við möntruna okkar. Meginmarkmið með þessari breyttu sýn er margskipt en helst má nefna að ná til nýrra hópa, virkja starfsmenn, fjölga notendum appsins, fjölga farþegum utan háannartíma og bæta heildarímynd.

### Markhópar Strætó endurhugsaðir

Talsmáti Strætó á að vera áreynslulaus og án tilgerðar. Stjálfstraust og staðfesta sem einkennir þann sem veit að hann valdi ekki bara rétta leið heldur bestu leiðina á áfangastað. Við tölum af virðingu um viðskiptavini okkar, setjum okkur ekki á háan hest heldur bendum á hversu sjálfsagður hlutur það er að nota Strætó sem samgöngumáta.

Markhópar Strætó voru endurhugsaðir og skilgreindir sérstaklega eftir þörfum hvers og eins. Hver og einn markhópur á sér ólíka hagsmuni og ólíka sýn á þjónustu Strætó. Því er mikilvægt að nálgast hvern hóp sérstaklega með skilaboðum sem skiptir hópinn raunverulega máli í stað þess að tala eins við alla óháð þörfum. Sem dæmi um markhópa má nefna námsmenn, áhugafólk um bíllausan lífsstíl, fólk sem vill spara og erlendir ferðamenn.

> **„Við tölum af virðingu um viðskiptavini okkar, setjum okkur ekki á háan hest heldur bendum á hversu sjálfsagður hlutur það er að nota Strætó sem samgöngumáta.“**

### Ólíkar boðleiðir og miðlar

Ýmsar leiðir eru nýttar til að koma boðskapnum á framfæri til ólíkra hópa og einnig til að nálgast heildina með áherslu á breytta ímynd Strætó um Bestu leiðina. Helst má nefna samfélagsmiðla, almannatengsl, vefborða, útvarpsauglýsingar, umhverfisgrafík og prentmiðla. Samfélagsmiðlarnir eru þó í aðalhlutverki þar sem þar gefst tækifæri til að bregðast fljótt við og koma skilaboðum á hagkvæman og einfaldan hátt á fyrirframskilgreinda markhópa.




# Fólkið í Strætó

**Skúli Örn Sigurðsson**
*sölustjóri Strætó.*

# Mikill vöxtur í Strætó appinu

Strætó appið er hannað til að auðvelda viðskiptavinum að komast leiðar sinnar og nálgast ferðatengdar upplýsingar með Strætó. Með appinu er m.a. hægt að nálgast stakan miða, vera í mánaðalegri áskrift, kaupa árskort, finna bestu leiðina, sjá staðsetningu vagna í rauntíma og leita eftir brottförum út frá ákveðnum biðstöðvum. Forritið er öllum aðgengilegt á iTunes og Google Play Store og kostar ekkert.

Eitt af markmiðum Strætó er að stuðla að sjálfbærum umhverfisvænum lífsstíl meðal almennings á Íslandi. Rafrænar fargjaldalausnir í Strætó appinu gegna þar lykilhlutverki. Notendum appsins hefur fjölgað með degi hverjum og hefur appið verið sótt í rúm 85.000 snjalltæki. Sala í gegnum Strætó appið er komið í 22% af heildarsölu fargjalda og fer hlutfall þess stækkandi.

**Mikil söluaukning**

Góður vöxtur hefur verið í fargjaldasölu í Strætó appinu í öllum vöruflokkum en mánaðakortin, áskriftahlutinn og afsláttarfargjöldin voru ekki í boði fyrr en undir lok árs 2015 sem skekkir beinan samanburð milli ára. Engu að síður ef skoðaður er desembermánuður á milli ára í þessum nýju vöruflokkum sést aukning í öllum flokkum. Áskriftahlutinn stekkur úr 173 kortum í desember 2015 yfir í 947 kort í desember 2016. Á sama tíma hefur rúmlega tvöfaldast sala snjallmiða barna og ungmenna og aukning í stökum snjallmiðum aldraðra og öryrkja hafa færst úr 387 í 2.920. Í heildina hafa því afsláttarfargjöld í appinu nærri þrefaldast. Áhugavert er að sjá hversu vel notendur Strætó hafa tekið í rafvæðingu fargjalda á svo skömmum tíma.

**Þróun og nýjungar**

Appið er í stöðugri þróun og í ágúst 2016 var boðið upp á að fá árskort afhent rafrænt í gegnum Strætó appið í stað þess að fá þau útprentuð. Kortin sem um ræðir eru Krakkakortið (6-11 ára), Ungmennakortið (12-17 ára), Nemakortið (18 ára og eldri) og Samgöngukortið (fyrir vinnustaði með samgöngusamning). Frá því boðið var upp á þennan möguleika hefur hlutfall þeirra sem valið hafa sér að fá kortið afhent í appið verið í kringum 28%, sem er sambærilegt og í nágrannalöndum okkar. Er því óhætt að segja að þessi nýjung Strætó hafi fengið góðar viðtökur.




**Áskriftarhluti appsins milli ára**. Samanburður á fjölda korta í áskriftarhluta Strætó appsins Desember 2015 og 2016

Fyrirhugað er að þróa fleiri viðmót fyrir appið og efla þau sem fyrir eru enn frekar, enda mikilvægt að halda áfram að hlusta á þarfir viðskiptavina Strætó og þróa appið eftir því. Á dagskrá er m.a. viðbót snjallmiða fyrir landsbyggðina.




**Stakur mánuður eða áskrift?** Samsetning mánaðarkorta í Strætó appinu.




**Notendur í Áskrift.** Fjöldi notenda með áskrift í Strætó appinu.

## Skipting í appinu

Stærsti hlutinn af þeim árskortum sem afhend eru í gegnum appið eru Ungmennakortin, en það er á sama tíma stærsti notendahópur Strætó. Til samanburðar þá notar yngsti hópur árskorthafa, 6-11 ára, Strætó appið minnst. Nokkuð jafnt er á milli annarra hópa, en um 31% handhafa árskorta kjósa að fá kortin sína send í gegnum appið.

## Mánaðarkort í Strætó appinu

Þegar farið er yfir notkun mánaðakorta í appinu kemur í ljós að 82% þeirra sem nota mánaðakort í Strætó appinu kjósa að nýta sér áskriftaleiðina í stað þess að kaupa sér stakan mánuð en seldum áskriftum í appinu hefur fjölgað jafnt yfir árið og telja nú 7.828.

## Stakir miðar í Strætó appinu

Stærsti hluti stakra miða sem seljast í appinu eru almenn fargjöld og hefur þeim fjölgað nokkuð jafnt og stöðugt yfir árið. Mikil aukning hefur þó átt sér stað í sölu afsláttarfargjalda stakra snjallmiða, þ.e. aldraðra/eldri borgara og barna/ungmenna eins og minnst var á áðan.




**Tegundir fargjalda.** Samsetning stakra miða í Strætó appinu.




**Fjöldi rafrænna miða.** Fjöldi almennra fargjalda í Strætó appinu.



**Sigríður Harðardóttir**
*Mannauðsstjóri Strætó*

# Jákvæð þróun á öllum sviðum

Hjá Strætó starfar öflugur hópur fólks sem leggur metnað sinn í að framfylgja hlutverki Strætó og tryggja viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu. Í lok árs 2016 voru starfsmenn Strætó 280 talsins, 231 karlar og 49 konur.

**Skipting eftir lífaldri:**

| Aldursbil | Fjöldi |
|---|---|
| 20-29 ára | 10 |
| 30-39 ára | 53 |
| 40-49 ára | 59 |
| 50-59 ára | 77 |
| 60 ára + | 81 |

**Skipting eftir starfsaldri:**

| Starfsaldur | Fjöldi |
|---|---|
| 0-2 ár | 85 |
| 2-5 ár | 72 |
| 5-10 ár | 23 |
| 10 ár + | 100 |

### Jákvæð þróun

Vinnustaðagreining var framkvæmd í mars 2016 og gáfu niðurstöður hennar skýra mynd af stöðu starfsmannamála á þeim tímapunkti. Jákvæð þróun átti sér stað frá fyrra ári, 2015, á nánast öllum sviðum sem greiningin tók til. Þróunin er hæg en jákvæð. Starfsánægja jókst og vinnuálag og streita minnkuðu. Hins vegar kom það skýrt fram að starfsfólk vildi sjá aukin tækifæri til þjálfunar, endurmenntunar og starfsþróunar.

### Breytingar á skipuriti

Nýtt skipurit Strætó tók gildi 1. maí 2016. Megin áherslan við mótun nýs skipurits var að sameina starfsmannahópa sem sinna svipuðum og/eða sambærilegum verkefnum undir sama sviðið. Það var gert til að einfalda skipulag og verklag sem og auka það hagræði sem felst í styttri boðleiðum og aukinni samvinnu. Þá sameinaðist akstursþjónusta fatlaðs fólks og farþegaþjónustusvið undir einn hatt, farþegaþjónustu. Talstöðvaþjónusta fluttist á Hestháls og sameinaðist talstöðvaþjónustu rekstrarsviðs fyrir utan talstöðvaþjónustu við akstursþjónustu fatlaðra.

### Ráðningar

Margir nýir starfsmenn bættust í hópinn á liðnu ári og aðrir hurfu til annarra starfa eða létu af störfum vegna aldurs. Miðað við mikla samkeppni á vinnumarkaði um atvinnubílstjóra þá hefur gengið afskaplega vel að manna lausar stöður vagnstjóra hjá Strætó. Síðasta vor var í fyrsta skipti ráðinn hópur erlendra vagnstjóra til starfa yfir sumartímann. Alls 15 starfsmenn frá Litháen, Póllandi og Ungverjalandi hófu störf á síðasta ári. Vel tókst til með þjálfun þeirra og reyndust þessar ráðningar til hagsbóta fyrir Strætó, þannig að ekki sköpuðust vandræði með sumarorlof fastráðinna starfsmanna.

Þjálfunar- og fræðslufulltrúar (mentorar) fengu nýtt og endurbætt hlutverk á árinu. Eftir rýnivinnu í verkefnahóp með mentorum var hlutverk þeirra endurbætt og starfsheitinu breytt. Gerð var sérstök starfslýsing og viðauki við gildandi ráðningasamning. Þetta er liður í stöðugum umbótum á móttöku og þjálfun nýliða svo þeir verði betur í stakk búnir til að takast á við krefjandi starf vagnstjórans.

**Aukin fræðsla**
Samkvæmt vinnustaðagreiningu síðasta árs kölluðu starfsmenn eftir auknum tækifærum til endurmenntunar og fræðslu. Fyrst var ráðist í það verkefni að endurbæta nýliðaþjálfun eins og greint var frá hér að framan. Þá var hafist handa við að uppfylla skilyrði reglugerðar um endurmenntun atvinnubílstjóra. Gengið var til samstarfs við Framvegis – símenntunarmiðstöð um framkvæmd og kennslu námskeiða skv. námskrá Samgöngustofu. Á haustönn voru haldin tvö námskeið, 7 klst. hvort eða samtals 14 klst. sem voru sótt af 180 vagnstjórum. Vagnstjórahópnum var skipt upp í 9 smærri hópa. Haldin voru alls 18 námskeið – 126 klukkustundir af fræðslu.

Strætó og Retor fræðsla gerðu með sér samstarfssamning um íslenskukennslu fyrir erlenda starfsmenn Strætó. Markmið samningsins er að gera íslensku að leiðandi tungumáli innan fyrirtækisins. Alls 31 erlendir starfsmenn fóru í stöðumat. Sjö þeirra hófu grunnnám í íslensku I í loks árs, alls 60 stundir. Fleiri námskeið fyrir lengra komna verða haldin á árinu 2017.

**Samskipti og samvinna**
Samkvæmt vinnustaðagreiningunni kölluðu starfsmenn einnig eftir auknum samskiptum, samvinnu og upplýsingum frá stjórnendum og sérfræðingum fyrirtækisins. Boðið var upp á vinnustofur og opna starfsmannafundi. Þar gafst starfsmönnum tækifæri til að ræða við stjórnendur, spyrja spurninga, koma tillögum og hugmyndum á framfæri og fá upplýsingar um stöðu og gang mála innan Strætó.

**Siðareglur, heilsa og vellíðan**
Strætó voru samþykktar og kynntar öllum starfsmönnum á haustmánuðum. Verið er að vinna að nánari útfærslu siðareglnanna þannig að þær verði aðgengilegar á sýnilegra formi.

Nokkur áhersla var á heilsu og vellíðan starfsmanna á liðnu ári. Sem fyrr er boðið upp á ávexti á starfsstöðvunum í Mjódd, Hesthálsi og Hlemmi. Þá gefst vagnstjórum og starfsmönnum þvottastöðvar kostur á að fá matarbakka senda til sín, en auk þess hafa allir aðgang að mötuneytinu á Hesthálsi. Þá tók Strætó í fyrsta skiptið þátt í Lífshlaupinu, heilsu- og hvatningarverkefni ÍSÍ og Hjólað í vinnuna.

**"Miðað við mikla samkeppni á vinnumarkaði eftir atvinnubílstjórum, þá hefur gengið afsakplega vel að manna lausar stöður vagnstjóra hjá Strætó."**

Heilsufarsmælingar og bólusetningar voru í boði í október. Niðurstöður mælinganna benda til þess að huga þarf enn betur að heilsufari og vellíðan starfsmanna. Við viljum leggja aukna áherslu á hvatningu til hreyfingar og hollt mataræði og auka fræðslu til starfsmanna um heilsu og heilsufarstengd málefni.

Viðverustefna Strætó var mótuð á árinu og kynnt öllum starfsmönnum. Markmiðið með viðverustefnu er að styðja við og hlúa að starfsmönnum vegna fjarveru frá vinnu vegna veikinda, slysa eða áfalla um lengri eða skemmri tíma og draga úr veikindafjarvistum með markvissum aðgerðum. Frá og með 1. janúar 2017 geta starfsmenn Strætó sótt um íþróttastyrk til fyrirtækisins. Styrknum er ætlað að stuðla að bættri heilsu starfsmanna og gefa starfsfólki kost á að nýta sér fleiri úrræði til heilsuræktar en verið hefur.



**Ragnheiður Einarsdóttir**
**& Valgerður G. Benediktsdóttir**
*Sérfræðingar í samgöngukerfi Strætó*

# Leiðakerfi Strætó í stuttu máli

Leiðakerfi Strætó á höfuðborgarsvæðinu er sett saman úr 27 leiðum og er skipulagt sem „púlsakerfi“. Flestar leiðirnar aka á 15 mínútna tíðni á annatíma en utan annatíma færist tíðnin upp í 30 mínútur. Haustið 2016 var leið 1 sett í fyrsta skipti á 10 mínútna tíðni á annatíma og 15 mínútna þess fyrir utan á dagtíma. Strætó setur sér framtíðarmarkmið um að auka tíðni á fleiri leiðum, ásamt því að bæta nýtingu rafrænna upplýsinga.

Leiðakerfið er að hluta til skipulagt sem svokallað „púlsakerfi“, þ.e. skipulagðar tengingar milli leiða á ákveðnum skiptistöðvum. Það jákvæða við púlsakerfið er að það einfaldar farþegum að skipta milli leiða. Aftur á móti eru seinkanir vagna algengari vegna umferðarþunga á annatíma (á þeim stöðum þar sem ekki eru forgangsakgreinar sem gera Strætó kleift að aka framhjá umferðartöfum). Þessi aukni umferðarþungi gerir tengingar í púlsakerfinu mjög flóknar viðureignar á annatímum.

### Reglulegar breytingar

Leiðakerfisbreytingar eru að jafnaði gerðar tvisvar á ári. Þegar breytingar eru ákveðnar er m.a. notast við ábendingar frá farþegum, vagnstjórum, sveitarfélögum, verktökum ásamt því að skoðuð eru GPS gögn frá vögnunum og farþegatalningar. Hver tillaga að leiðakerfisbreytingu fyrir sig er metin með tilliti til mismunandi þátta og er haft samráð við helstu hagsmunaaðila. Að lokum þurfa sveitarfélög og stjórn Strætó að samþykkja stærri breytingar á leiðakerfinu áður en þær geta tekið gildi.

Flestar leiðir aka að jafnaði frá kl. 6:30 á virkum dögum, um kl. 7:30 laugardaga og um kl. 9:30 sunnudaga og stendur akstur yfir alla daga vikunnar þangað til miðnættis. Árið 2016 var helsta breyting sú að leið 1 var sett á 10 mínútna tíðni á annatímum. Auk þess var akstursleið 18 breytt í Grafarholti/Úlfarársdal, leið 26 var lögð af og 16 hætti að aka um helgar. Leið 16 hóf akstur í Hádegismóa í stað leiðar 5 en einnig var mikið gert af minniháttar lagfæringingum á tímasetningum.

**„Hver tillaga að leiðakerfisbreytingu fyrir sig er metin með tilliti til mismunandi þátta og er haft samráð við helstu hagsmunaaðila.“**

### Spennandi tækifæri framundan

Stöðug þróun í tækni gerir Strætó í kleift að fylgjast með umferð vagna í auknum mæli, hvar þeir tefjast á annatímum og hvar flestir farþegar ferðast með Strætó. Slíkar upplýsingar eru mjög verðmætar fyrir skipulagningu leiðakerfisins og mikilvægur liður í bæta þjónustu Strætó við farþega.

Það er mikið framundan í leiðakerfinu og margir mismunandi þættir sem þarf að hafa í huga. Flest sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru til dæmis að endurskoða hluta sinna akstursleiða. Ásamt því er aukinn akstur á kvöldin og næturakstur um helgar í skoðun hjá borginni og sveitarfélögunum.

Framtíðarstefna leiðakerfisins er aukin tíðni á fleiri leiðum svipað og gert var með leið 1 haustið 2016 og taka þannig stærri skref í átt að Borgarlínu.



**Bergný J. Sævarsdóttir**
*Gæða- og verkefnastjóri Strætó*

# Umhverfis- og öryggismál

Strætó hefur markað sér stefnu í umhverfis- og öryggismálum og frá árinu 2013 hefur Rekstrarsvið fyrirtækisins verið vottað samkvæmt kröfum ISO 14001 umhverfisstaðalsins og kröfum OHSAS 18001 staðalsins um heilsu og öryggi á vinnustað.

Árlega eru mælanleg markmið mótuð í málaflokknum en Strætó leggur mikla áherslu á að lágmarka neikvæð áhrif vagnaflotans á umhverfið og sporna við slysum og slysahættu. Nánar er hægt að lesa um stefnur Strætó á heimasíðunni, straeto.is.

Vagnaflotinn sem rekinn er af Strætó samanstendur af 92 vögnum, 90 dísel vögnum og 2 metanvögnum. Vert er að benda á að eftirfarandi tölur eiga aðeins við um rekstur sem er alfarið í umsjón Strætó en ekki undirverktaka fyrirtækisins.

Nokkrir áhersluþættir úr stefnum Strætó í umhverfis- og öryggismálum:

- Að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi fyrir starfsmenn og þjónustuaðila Strætó, með stöðugum umbótum.
- Að skrá öll slys og óhöpp sem verða bæði hjá starfsmönnum og viðskiptavinum.
- Að koma upp skráningu og eftirliti með notkun eiturefna og varasamra efna í fyrirtækinu.
- Að tryggja að starfsmenn fái nauðsynlega þjálfun til þess að geta sinnt viðkomandi starfi og séu upplýstir um umhverfis- og öryggsimarkmið fyrirtækisins.
- Að sömu kröfur séu gerðar til verktaka sem sjá um rekstur strætisvagna.
- Að innleiða notkun á vistvænum orkugjöfum eða orkutækni.
- Að aukinn verði hlutur úrgangs sem fer til endurvinnslu og endurnýtingar.
- Að meta umhverfisáhrif vegna breytinga á leiðakerfinu.
- Að taka tillit til umhverfissjónarmiða við innkaup á vörum og þjónustu og að innleiða vistvæn innkaup.
- Að upplýsa almenning um ávinning almenningssamgangna og stuðla þannig að aukinni notkun þeirra.


Besta
leiðin
fyrir náttúruna

# Eldsneytisnotkun og losun gróðurhúsalofttegunda

| Eldsneyti 2013 | | Heildarnotkun | Fjöldi | Notkun (á vagn) | Eknir km | Notkun (á 100 km) | Losun ígildi $CO^2$ (tonn) | Losun $CO^2$ kg/km |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Dísel** | lítrar | 2.289.141 | 78 | 29.348 | 5.069.242 | 45 | 5.768 | 1,14 |
| **Metan** | $m^3$ | 48.170 | 2 | 24.085 | 64.974 | 74 | 92* | 1,42 |

| Eldsneyti 2014 | | Heildarnotkun | Fjöldi | Notkun (á vagn) | Eknir km | Notkun (á 100 km) | Losun ígildi $CO^2$ (tonn) | Losun $CO^2$ kg/km |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Dísel** | lítrar | 2.318.347 | 78 | 29.722 | 5.179.993 | 45 | 5768 | 1,11 |
| **Metan** | $m^3$ | 48.580 | 2 | 23.290 | 67.644 | 69 | 92* | 1,36 |

| Eldsneyti 2015 | | Heildarnotkun | Fjöldi | Notkun (á vagn) | Eknir km | Notkun (á 100 km) | Losun ígildi $CO^2$ (tonn) | Losun $CO^2$ kg/km |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Dísel** | lítrar | 2.447.441 | 91 | 26.894 | 5.762.999 | 42,42 | 5.892 | 0,85 |
| **Metan** | $m^3$ | 38.623 | 2 | 19.311 | 53.098 | 72,74 | 72,22 | 1,37 |

| Eldsneyti 2016 | | Heildarnotkun | Fjöldi | Notkun (á vagn) | Eknir km | Notkun (á 100 km) | Losun ígildi $CO^2$ (tonn) | Losun $CO^2$ kg/km |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Dísel** | lítrar | 2.391.062 | 90 | 26.567 | 5.770.437 | 41,4 | 5.756 | 0,83 |
| **Metan** | $m^3$ | 38.617 | 2 | 19.308 | 54.398 | 70,99 | 72,22 | 1,37 |

*Með notkun metanvagna er Strætó að stuðla að nýtingu orkugjafa sem að öðrum kosti væri brennt hjá Sorpu. Strætó lítur á nýtingu metan sem raunhæfan valkost sem styður við umhverfisstefnu fyrirtækisins.

# Úrgangur

Hjá Strætó er leitast við að lágmarka úrgang eins og kostur er. Árlega er árangur síðasta árs metinn og markmið sett um að auka hlutdeild endurvinnanlegs úrgangs á kostnað þess úrgangs sem fer til urðunar. Mikil áhersla er lögð á að lágmarka notkun spilliefna.

| | | 2013 | $CO_2$ (tonn) | 2014 | $CO_2$ (tonn) | 2015 | $CO_2$ (tonn) | 2016 | $CO_2$ (tonn) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Blandaður úrgangur** | kg | 36.797 | | 33.749 | | 18.460 | | 29.548 | |
| **Til urðunar samtals** | kg | 36.797 | 18,3 | 33,749 | 16,8 | 18.460 | 9,18 | 29.548 | 14.69 |
| | | | | | | | | | |
| **Úrgangur til endurvinnslu** | | | | | | | | | |
| • Garðaúrgangur | kg | 0 | | 0 | | 0 | | 0 | |
| • Málmar/brotajárn | kg | 12.422 | | 13.973 | | 17.860 | | 12.720 | |
| • Timbur | kg | 2.600 | | 1.450 | | 860 | | 2.400 | |
| • Annað (plast, pappír, dagblöð/tímarit) | kg | 8.090 | | 6.190 | | 5.361 | | 2.093 | |
| • Hjólbarðar | kg | 6.660 | | 3.500 | | 6.500 | | 10.940 | |
| **Til endurvinnslu samtals** | kg | 29.772 | | 25.113 | | 30.581 | | 28.153 | |
| **Spilliefni** | | | | | | | | | |
| • Olía og olíumengað í fljótandi formi | lítrar | 16.287 | | 18.783 | | 15.022 | | 11.315 | |
| • Olía og olíumengað í föstu formi | kg | 2.067 | | 2.153 | | 652 | | 518 | |
| • Rafgeymar og rafhlöður | kg | 3.874 | | 2.432 | | 2.492 | | 2.076 | |
| • Prenthylki | kg | 81 | | 92 | | 40 | | 15 | |
| • Raftæki | kg | 25 | | 9 | | 344 | | 418 | |
| • Perur/flúrperur | kg | 39 | | 56 | | 67 | | 14 | |
| • Málning | kg | 11 | | | | 10 | | 0 | |
| **Spilliefni samtals:** | **lítrar** | **16.287** | | **18.783** | | **15.022** | | **11.315** | |
| **Spilliefni samtals** | **kg** | **6.097** | | **4.742** | | **3.605** | | **3.041** | |

*Losun reiknuð samkvæmt upplýsingum í skýrslu Umhverfisráðuneytis (2009): Möguleikar til að draga úr nettóstreymi gróðurhúsalofttegund á Íslandi.

# Efnanotkun

Markvisst er dregið úr notkun hættulegra og vafasamra efna við rekstur Strætó og skaðaminni og umhverfisvænni efni valin í stað skaðlegra efna.

Á heildina litið hefur Strætó séð mengunartölur lækka ár frá ári sem rekja má m.a. til endurnýjunar á vagnaflotanum. Einstakir þættir sýna þó hærri tölur en árin á undan og má hér t.d. nefna að notkun á tjöruleysi hefur aukist.

| | Eining | 2013 | Per vagn | 2014 | Per vagn | 2015 | Per vagn | 2016 | Per vagn |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Forsendur:** | | | | | | | | | |
| • Vagnafjöldi | | 80 | | 80 | | 93 | | 92 | |
| • Eknir km: | | 5.134.216 | | 5.247.637 | | 5.816.097 | | 5.770.437 | |
| | | | | | | | | | |
| **Smurolía** | | | | | | | | | |
| • Verkstæði | lítrar | 4.626 | 57,83 | 6.094 | 76,18 | 6.739 | 72,46 | 4.925 | 53,53 |
| • Þvottastöð Ábætt | lítrar | 3.286 | 41,08 | 3.591 | 44,89 | 2.468 | 26,53 | 2.658 | 27,91 |
| **Samtals** | | **7.912** | **98,90** | **9.685** | **121,06** | **9.207** | **98,99** | **7.493** | **81,44** |
| • Lítrar per 100 km | | 0,1541 | | 0,1846 | | 0,1586 | | 0,1298 | |
| **Önnur efni** | | | | | | | | | |
| • Tjöruleysir | lítrar | 5.460 | 68,25 | 5.880 | 73,50 | 5.800 | 62,36 | 8.000 | 86,95 |
| • Þvottaefni | lítrar | 2.189 | 27,36 | 3.035 | 37,94 | 2.281 | 24,52 | 1.680 | 18,26 |
| • Frostlögur | lítrar | 1.990 | 24,88 | 4.945 | 61,81 | 4.943 | 53,15 | 4.160 | 45,22 |
| | | | | | | | | | |
| **Hjólbarðar** | | | | | | | | | |
| • Fjöldi alls: | | 518 | | 443 | | 589 | | 425 | |
| • Sólaðir | | 316 | | 309 | | 362 | | 280 | |
| • Nýir | | 202 | | 134 | | 227 | | 145 | |
| • Fj. per 100 km | | 0,0101 | | 0,0084 | | 0,0101 | | 0,0074 | |

# Euro staðlar vagnflotans

Með ári hverju hefur strætisvögnum í hærri flokki Euro staðla fjölgað hjá Strætó og eru til að mynda 28 vagnar nú skráðir samkvæmt Euro 6 staðlinum.

| Euro staðlar | Vagnar 2013 | Vagnar 2014 | Vagnar 2015 | Vagnar 2016 |
|---|---|---|---|---|
| **6** | 0 | 0 | 20 | 28 |
| **5** | 13 | 13 | 13 | 14 |
| **4** | 8 | 8 | 8 | 7 |
| **3** | 34 | 34 | 32 | 24 |
| **2** | 23 | 23 | 20 | 19 |
| **1** | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **0** | 2 | 2 | 0 | 0 |
| **Samtals:** | **80** | **80** | **93** | **92** |

*Því hærri sem staðlatalan er því betri teljast mengunarvarnir vagnanna og þar með vænni kostur fyrir umhverfið.

# Orku- og vatnsnotkun

| | | 2013 Heildar-notkun | Á vagn á ári | 2014 Heildar-notkun | Á vagn á ári | 2015 Heildar-notkun | Á vagn á ári | 2016 Heildar-notkun | Á vagn á ári |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Þvottastöð** | | | | | | | | | |
| • Rafmagn | Kwh | 139.240 | 1.741 | 144.240 | 1.803 | 145.080 | 1.560 | 164.080 | 1.783 |
| • Heitt vatn | m³ | 11.633 | 145 | 11.381 | 142 | 13.923 | 149 | 12.242 | 133 |
| • Kalt vatn | m³ | 9.463 | 118 | 10.052 | 126 | 9.810 | 105 | 8.084 | 88 |
| | | | | | | | | | |
| **Aðalhús** | | | | | | | | | |
| • Rafmagn | Kwh | 751.184 | 9.390 | 732.393 | 9.155 | 731.353 | 7.864 | 665.923 | 7.238 |
| • Heitt vatn | m³ | 28.770 | 360 | 46.930 | 587 | 28.438 | 305 | 58.851 | 640 |
| • Kalt vatn | m³ | 925 | 12 | 1.060 | 13 | 2.710 | 29 | 1.019 | 11 |
| | | | | | | | | | |
| **Samtals** | | | | | | | | | |
| • Rafmagn | Kwh | 890.424 | 11.130 | 876.633 | 10.958 | 876.433 | 9.424 | 830.003 | 9.022 |
| • Heitt vatn | m³ | 40.403 | 505 | 58.311 | 729 | 42.361 | 455 | 71.093 | 773 |
| • Kalt vatn | m³ | 10.388 | 130 | 11.112 | 139 | 12.520 | 134 | 9.103 | 99 |

# Slys og tjón

Strætó leggur mikla áherslu á að auka öryggi bæði starfsmanna og farþega. Regluleg endurmenntun og fræðsla starfsmanna skiptir þar miklu máli svo vel takist til en um er að ræða langtímaverkefni sem stöðugt þarf að fylgja eftir. Eitt af mikilvægari verkfærunum sem Strætó hefur til að stýra þessum mikilvæga þætti er „Öryggisárið“, sem er samstarfsverkefni Strætó og VÍS og er unnið með það að leiðarljósi að lágmarka slys á fólki og tjón sem rekja má til aksturslags. Verkefninu er ætlað að auka vitund starfsmanna um öryggi sitt og annarra, bæði farþega og almennings í umferðinni og passar vel við þau markmið sem Strætó hefur sett sér í málaflokknum.

| Ár | Fjöldi tryggingatjóna | Rétti/ órétti | Upphæð tryggingatjóna (þús. kr) | Fjöldi annarra tjóna | Upphæð annarra tjóna (þús. kr) | Samtals fjöldi tjóna | Heildar-kostnaður allra tjóna (þús. kr) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2013** | 111 | 52/59 | 19.943,- | 116 | 21.892,- | 227 | 41.836,- |
| **2014** | 97 | 61/36 | 23.563,- | 149 | 25.217,- | 246 | 48.780,- |
| **2015** | 109 | 59/50 | 19.818,- | 127 | 29.401,- | 236 | 49.219,- |
| **2016** | 100 | 61/39 | 25.660,- | 92 | 20.667,- | 192 | 46.327,- |

*Fjöldi og kostnaður aksturstjóna getur verið breytilegur á milli ára og getur aksturshlutfall, umferðarþungi, aðstæður í gatnakerfi og veðurfar á meðal annarra þátta haft þar áhrif á.

Skráðum atvikum og slysum á farþegum Strætó hefur farið fækkandi síðustu þrjú ár þrátt fyrir aukinn akstur í kílómetrum. Ekkert slys var skráð á árinu vegna áreksturs eða aksturslags sem ber vott um árangur. Heildarfjöldi tilkynntra slysa til tryggingafélags voru 26 en þess má geta að Strætó hefur ekki upplýsingar um slys sem tilkynnt eru til annarra tryggingafélaga.

Fjölgun tjóna sem tilkynnt eru til tryggingafélags á árinu 2016 má rekja til þess að til greiðslu koma þrjú tjón sem áttu sér stað á árunum 2001 og 2014. Tjónin skrást á það ár þegar greiðslur eru greiddar út.

| Ár | Heildarfjöldi | Fall úr sæti | Árekstur | Í og úr vagni | Aksturslag | Hurðaslys | Annað | Þar af til VÍS* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2013** | **39** | 1 | 7 | 4 | 20 | 4 | 3 | 28 |
| **2014** | **58** | 10 | 6 | 5 | 6 | 16 | 15 | 23 |
| **2015** | **46** | 7 | 3 | 1 | 25 | 7 | 3 | 19 |
| **2016** | **36** | 27 | 0 | 3 | 0 | 4 | 2 | 26 |

*Atvik tilkynnt til tryggingafélags Strætó bs.

Skráð vinnuslys hjá Strætó á árinu 2016 voru átta og má flest þeirra rekja til hálkuslysa. Öryggisnefnd Strætó fer yfir skráð vinnuslys hjá fyrirtækinu ásamt því að meta tilvik þar sem slys hefði getað orðið. Markmiðið er að lágmarka slys og sporna við slysahættu hvar sem er í starfsemi fyrirtækisins.



Besta leiðin

Ársreikningur

Strætó 2016

# Skýrsla og áritun stjórnar

Strætó bs. er byggðasamlag og er tilgangur þess að sjá um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Eigendur byggðasamlagsins eru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu; Reykjavík (60,30%), Kópavogur (14,60%), Hafnarfjörður (12,50%), Garðabær (6,24%), Mosfellsbær (4,07%) og Seltjarnarnes (2,29%).

Rekstrarafgangur Strætó á ársins 2016 var um 179,7 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Á tímabilinu hækkaði handbært fé um 392,7 m.kr. og er handbært fé í lok tímabilsins 906,9 m.kr. Gert er ráð fyrir að fjárfestingar á næstu árum verði fjármagnaðar með handbæru fé.

Eigið fé í lok tímabilsins nam um 1.886 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi og var eiginfjárhlutfallið 66%, en vísað er að öðru leyti til skýringa í ársreikningnum varðandi breytingar á eiginfjárreikningum.

Í október 2016 var gengið frá kaupum á fjórum rafmagnsvögnum fyrir um 300 m.kr., sem koma til landsins eigi síðar en í júní 2017. Jafnframt er gert ráð fyrir að fjárfest verði fyrir um 300 m.kr. til viðbótar í nýjum vögnum síðar á árinu 2017.

Stjórn og framkvæmdastjóri Strætó bs. staðfesta hér með ársreikning Strætó bs. fyrir árið 2016 með undirskrift sinni.

Reykjavík, 3. mars 2017

Stjórn:

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

F.h. Kópavogsbæjar

F.h. Mosfellsbæjar

F.h. Garðabæjar

F.h. Seltjarnarnesbæjar

Framkvæmdastjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eiganda Strætó bs.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Strætó bs. („félagið") fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2016 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum ársreikningi og áritun okkar á hann. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ársskýrslan liggur ekki fyrir við áritun okkar á ársreikninginn en við munum fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins**

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 3. mars 2017

KPMG ehf.

Árni Claessen

# Rekstrarreikningur ársins 2016

| | Skýr. | Rauntölur 2016 | Rauntölur 2015 | Fjárhagsáætlun 2016 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Fargjöld | | 1.820.595 | 1.655.369 | 1.856.761 |
| Rekstrarframlög eignaraðila | | 3.031.685 | 2.951.906 | 2.993.489 |
| Ríkisframlag | 14 | 889.560 | 806.160 | 889.560 |
| Akstursþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra | 2 | 1.537.799 | 1.334.351 | 1.379.768 |
| Aðrar tekjur | 3 | 197.740 | 195.553 | 181.421 |
| | | **7.477.379** | **6.943.340** | **7.300.999** |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Almenningsvagnar og leiðakerfi | 5 | 5.212.512 | 5.025.363 | 5.258.518 |
| Akstursþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra | 2 | 1.537.799 | 1.334.351 | 1.379.768 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 6 | 366.524 | 389.455 | 356.673 |
| | | **7.116.834** | **6.749.170** | **6.994.959** |
| Rekstrarafkoma án afskrifta | | **360.545** | **194.170** | **306.040** |
| Afskriftir | 7 | 193.173 | 179.198 | 247.887 |
| Rekstrarafkoma | | **167.372** | **14.972** | **58.153** |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | | |
| Vaxtatekjur | | 24.349 | 26.342 | 14.193 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur | | ( 12.053 ) | ( 18.485 ) | ( 15.490 ) |
| | | **12.297** | **7.857** | **( 1.297 )** |
| Rekstrarniðurstaða | | **179.669** | **22.829** | **56.856** |

# Efnahagsreikningur

| Eignir | Skýr. | 2016 | 2015 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Strætisvagnar og önnur ökutæki | | 1.293.142 | 1.419.770 |
| Fasteignir | | 100.499 | 102.915 |
| Innréttingar, áhöld og tæki | | 78.859 | 50.261 |
| Hugbúnaður | | 48.319 | 25.651 |
| Fastafjármunir | 7 | **1.520.819** | **1.598.598** |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir | 8 | 92.102 | 73.870 |
| Viðskiptakröfur | 9 | 314.395 | 441.452 |
| Aðrar skammtímakröfur | 10 | 27.907 | 39.276 |
| Handbært fé | | 906.878 | 514.203 |
| Veltufjármunir | | **1.341.281** | **1.068.802** |
| Eignir samtals | | **2.862.100** | **2.667.400** |

# 31.desember 2016

| Eigið fé og skuldir | Skýr. | 2016 | 2015 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Framlag eigenda | | 900.018 | 900.018 |
| Óráðstafað eigið fé | | 985.995 | 806.326 |
| Eigið fé | 12 | **1.886.013** | **1.706.344** |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Langtímaskuldir | | 126.173 | 226.384 |
| Næsta árs afborganir | | ( 103.759 ) | ( 101.977 ) |
| Langtímaskuldir | 13 | **22.414** | **124.407** |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 443.443 | 407.103 |
| Næsta árs afborganir langtímalána | 13 | 103.759 | 101.977 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 11 | 406.472 | 327.569 |
| Skammtímaskuldir samtals | | **953.673** | **836.649** |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | | **976.087** | **961.056** |
| Eigið fé og skuldir samtals | | **2.862.100** | **2.667.400** |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2016

| | Skýr. | 2016 | 2015 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarniðurstaða ársins | 12 | 179.669 | 22.829 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| • Afskriftir | 7 | 193.173 | 179.198 |
| • Verðbætur og gengismunur | | 2.146 | 3.225 |
| • Aðrir liðir | | 328 | 92 |
| Veltufé frá rekstri | | **375.316** | **205.344** |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | | |
| • Birgðir, (hækkun) lækkun | | ( 18.232 ) | 8.130 |
| • Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | | 138.427 | ( 166.374 ) |
| • Skammtímaskuldir, hækkun | | 115.243 | 207.983 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | **235.438** | **49.739** |
| Handbært fé frá rekstri | | **610.754** | **255.083** |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | | ( 117.342 ) | ( 372.632 ) |
| Endurgreiddur virðisaukaskattur | | 0 | 91.246 |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna | | 1.620 | 14.267 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | **( 115.722 )** | **( 267.119 )** |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir langtímalána | | ( 102.357 ) | ( 101.123 ) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | **( 102.357 )** | **( 101.123 )** |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | | 392.674 | ( 113.159 ) |
| Handbært fé í ársbyrjun | | **514.203** | **627.362** |
| Handbært fé í lok ársins | | **906.878** | **514.203** |

# Skýringar

**1. Reikningsskilaaðferðir**

**a. Grundvöllur reikningsskilanna**

Ársreikningur Strætó bs. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

**b. Mat og ákvarðanir**

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

**c. Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir**

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2016. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags. Áfallinn gengismunur, vextir og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikninginn.

**d. Innlausn tekna**

Tekjur af sölu á þjónustu og vöru eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Innheimt rekstrarframlög og tekjur vegna sölu á miðum og kortum eru tekjufærðar í samræmi við innborganir.

**e. Fjármagnskostnaður**

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann myndast.

**f. Varanlegir rekstrarfjármunir**

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

| | |
|---|---|
| • Fasteign | 50 ár |
| • Strætisvagnar og önnur ökutæki | 10-13 ár |
| • Innréttingar, áhöld og tæki | 3-10 ár |
| • Hugbúnaður | 4 ár |

**g. Birgðir**

Rekstrarvörubirgðir í lok ársins eru metnar á innkaupsverði.

**h. Skammtímakröfur**

Skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

**i. Tekjuskattur**

Byggðasamlagið er undanþegið tekjuskattsskyldu.

**j. Handbært fé**

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

### 2. Akstursþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra

| Tekjur | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| Framlag sveitarfélaga | 1.457.122 | 1.278.392 |
| Fargjöld notenda | 80.676 | 55.959 |
| | **1.537.799** | **1.334.351** |

| Gjöld | | |
|---|---|---|
| Aðkeyptur akstur | 1.530.006 | 1.325.550 |
| Laun og launatengd gjöld - aðstoðarfólk í skólaakstri | 7.792 | 8.801 |
| | **1.537.799** | **1.334.351** |

Í ársbyrjun 2015 tók gildi nýtt fyrirkomulag um akstursþjónustu fatlaðra. Verktakar annast akstur en Strætó bs. endurkrefur aksturskostnaðinn að fullu hjá sveitarfélögunum. Skólaakstur fatlaðra barna var sameinaður inn í aksturþjónustu þann 10. júní 2015.

| 3. Aðrar tekjur | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| Þóknun - akstursþjónusta | 77.491 | 76.424 |
| Þóknun - landsbyggðin | 96.927 | 94.596 |
| Þóknun - skólaakstur | 0 | 1.350 |
| Aðrar tekjur | 23.322 | 23.183 |
| | **197.740** | **195.553** |

### 4. Laun og launatengd gjöld

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 1.793.672 | 1.784.803 |
| Launatengd gjöld | 424.781 | 430.522 |
| Breyting á áunnu, ógreiddu orlofi | ( 753 ) | 4.377 |
| | **2.217.700** | **2.219.702** |
| Meðalfjöldi stöðugilda á árinu | 250 | 247 |

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins námu alls um 34,7 m.kr. á árinu.
Í lok ársins störfuðu 296 manns hjá Strætó bs.

### 5. Almenningsvagnar og leiðakerfi

| | | |
|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 2.021.075 | 2.013.556 |
| Aðkeyptur akstur | 2.057.073 | 1.882.058 |
| Annar rekstrarkostnaður | 1.020.044 | 993.200 |
| Húsnæðiskostnaður | 114.319 | 136.549 |
| | **5.212.512** | **5.025.363** |

### 6. Skrifstofu og stjórnunarkostnaður

| | | |
|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 188.832 | 197.345 |
| Annar rekstrarkostnaður | 177.691 | 192.110 |
| | **366.524** | **389.455** |

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir

| | Strætisvagnar og önnur ökutæki | Fasteignir | Innréttingar, áhöld og tæki | Hugbúnaður | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2016 | 2.563.336 | 120.773 | 133.397 | 35.654 | 2.853.161 |
| Afskrifað áður | ( 1.143.566 ) | ( 17.858 ) | ( 83.136 ) | ( 10.003 ) | ( 1.254.563 ) |
| Bókfært verð 1.1.2016 | **1.419.770** | **102.915** | **50.261** | **25.651** | **1.598.598** |
| Viðbót á árinu | 35.378 | 0 | 47.355 | 34.610 | 117.342 |
| Selt á árinu | ( 1.948 ) | 0 | 0 | 0 | ( 1.948 ) |
| Afskrifað á árinu | ( 160.058 ) | ( 2.415 ) | ( 18.757 ) | ( 11.942 ) | ( 193.173 ) |
| Bókfært verð 31.12.2016 | **1.293.142** | **100.499** | **78.859** | **48.319** | **1.520.819** |
| Afskriftarhlutföll | 8-13% | 2% | 10-33% | 25% | |

| | Fasteignamat | Vátryggingar verðmæti | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| **Þönglabakki 4** | **58.250** | **107.908** | **100.499** |

Vátryggingaverðmæti áhalda og tækja nam samtals um 143,3 m.kr. í árslok 2016, bókfært verðmæti áhalda og tækja var um 78,9 m.kr. í árslok.

Vátryggingaverðmæti strætisvagna nam samtals um 1.564,7 m.kr. í árslok 2016, bókfært verðmæti vagna í lok ársins var um 1.293,1 m.kr.

## 8. Vörubirgðir

| | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| Olía | 17.424 | 11.836 |
| Varahlutir | 84.678 | 62.034 |
| Niðurfærsla birgða | ( 10.000 ) | 0 |
| | **92.102** | **73.870** |
| Vátryggingaverðmæti birgða | 101.600 | 101.290 |

Birgðir hafa verið niðurskrifaðar um 10 m.kr., sem nemur um 10% af birgðum í árslok.

## 9. Viðskiptakröfur

| | | |
|---|---|---|
| Viðskiptamenn | 250.323 | 385.424 |
| Viðskiptamenn - Ferðaþjónusta fatlaðra | 16.733 | 21.604 |
| Greiðslukortafyrirtæki og aðrar skammtímakröfur | 54.739 | 48.914 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | ( 7.400 ) | ( 14.490 ) |
| | **314.395** | **441.452** |

## 10. Aðrar skammtímakröfur

| | | |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður og fjárfestingar | 22.732 | 31.862 |
| Endurgreiðsla virðisaukaskatts | 5.174 | 7.415 |
| | **27.907** | **39.276** |

### 11. Aðrar skammtímaskuldir

| | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| Áunnið ógreitt orlof | 122.299 | 119.373 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 129.899 | 200.893 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 154.274 | 7.303 |
| | **406.472** | **327.569** |

### 12. Eigið fé

| Yfirlit um eiginfjárreikninga | Eiginfjárframlag rekstraraðila | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2016 | 900.018 | 806.326 | 1.706.344 |
| Rekstrarhagnaður ársins | | 179.669 | 179.669 |
| Staða 31.12.2016 | **900.018** | **985.995** | **1.886.013** |

| | Eignarhlutur | | | |
|---|---|---|---|---|
| Garðabær | 6,24% | 56.161 | 61.526 | 117.687 |
| Hafnarfjörður | 12,50% | 112.502 | 123.249 | 235.752 |
| Kópavogur | 14,60% | 131.403 | 143.955 | 275.358 |
| Mosfellsbær | 4,07% | 36.631 | 40.130 | 76.761 |
| Reykjavík | 60,30% | 542.711 | 594.555 | 1.137.266 |
| Seltjarnarnes | 2,29% | 20.610 | 22.579 | 43.190 |
| | **100,00%** | **900.018** | **985.995** | **1.886.013** |

### 13. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

| | Vextir | |
|---|---|---|
| Lánasjóður sveitarfélaga, verðtryggt | 5,60% | 12.846 |
| Arionbanki hf., verðtryggt | 4,50% | 77.076 |
| Íslandsbanki hf., óverðtryggt | 7,80% | 36.252 |
| | | **126.173** |

Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu árum:

| | |
|---|---|
| Árið 2017 | 103.759 |
| Árið 2018 | 22.414 |
| | **126.173** |

### 14. Ríkisframlag

Í maí 2012 var áritaður samstarfssamningur milli ríkissjóðs og eigenda Strætó bs. og eru markmið og tilgangur samningsins m.a. eftirfarandi:

- Að tvöfalda a.m.k hlutdeild almenningssamgangna í öllum ferðum sem farnar eru á höfuðborgarsvæðinu
- Að vinna að lækkun á samgöngukostnaði heimila og samfélagsins vegna umferðar og slysa
- Að stuðla að auknu umferðaröryggi
- Að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá landsamgöngum

Til að ná fram markmiðum samningsins mun Strætó bs. fá mánaðarlegt framlag frá ríkissjóði fram til ársins 2022.

## 15. Tengdir aðilar

*Skilgreining á tengdum aðilum.*

Eignaraðilar og félög tengd þeim, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félagsins:

Hluti af þeim aðilum sem skilgreindir eru sem tengdir aðilar eiga almenn viðskipti við félagið. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg við það sem gerist í viðskiptum við ótengda aðila og eru þessi viðskipti því flokkuð sem slík.

## 16. Önnur mál

Höfðuð hafa verið tvö mál á hendur Strætó bs. fyrir héraðsdómi af aðilum sem ekki var samið við eftir útboð á akstri á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2010.

Í fyrra málinu krafðist stefnandi viðurkenningar á skaðabótaskyldu Strætó vegna meintrar ólögmætrar og saknæmrar háttsemi við framkvæmd útboðsins. Dómur í málinu var kveðinn upp hinn 31. mars sl. Í dómi Héraðsdóms var réttur stefnanda til skaðabóta úr hendi stefnda vegna missis hagnaðar og kostnaðar vegna þátttöku í forvali viðurkenndur. Málinu hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar til endurskoðunar á niðurstöðu Héraðsdóms. Ekki hefur verið færð upp skuldbinding í ársreikning vegna þessa máls þar sem veruleg óvissa um fjárhæð skaðabótakröfu og endanlega niðurstöðu málsins.

Nokkrir rammasamningshafar í akstursþjónustu fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna hafa kært Strætó til Kærunefndar útboðsmála. Í málinu var þess krafist að kærunefndin láti í ljós álit sitt á skaðabótaskyldu Strætó vegna meintra brota gegn skilmálum rammasamnings við framkvæmd akstursþjónustunnar. Hinn 21. júní sl. komst Kærunefnd útboðsmála að Strætó hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt rammasamningi við forgangsröðun rammasamningshafa við framkvæmd akstursþjónustunnar og kaup á akstursþjónustu af aðilum utan rammasamnings. Lét kærunefndin í ljós það álit að Strætó væri skaðabótaskylt gagnvart kærendum, en engin afstaða var tekin til umfangs hugsanlegs fjártjóns kærenda. Niðurstaða kærunefndar er til skoðunar og verið er að meta hugsanlegt tjón kæruaðila.

Kærunefnd útboðsmála hefur borist kæra frá BL ehf. vegna ákvörðunar Strætó um samþykki tilboðs í kjölfar örútboðs III á grundvelli samningskaupalýsingar og skilmála nr. 13002 í nýja strætisvagna.
Kærumálsgögn hafa ekki borist frá kærunefndinni en þegar þau berast mun lögmönnum Strætó verða falið að yfirfara málið og gæta hagsmuna byggðasamlagsins.


IVECO
strætó.is